



## Styrkir vegna nýliðunar kennara

*Eftirfarandi skilyrði eiga við um skólaárið 2020-2021*

### Hvatningarstyrkir til kennaranema

Kennaranemi sem leggur stund á 120 ECTS eininga meistaranám getur sótt um styrk sem nemur allt að 800.000 kr. Greiddur er út helmingur styrks þegar staðfesting liggur fyrir að nemandi hafi lokið 90 ECTS einingum í meistaranámi og hinn helmingurinn þegar nemandi hefur lokið námi og brautskráðst með kennsluréttindi.

Kennaranemi sem hefur meistaraþróf í faggrein og innritast í 60 ECTS eininga nám haustið 2020 til að öðlast leyfisbréf til kennslu getur sótt um styrk sem nemur allt að 400.000 kr. Styrkurinn greiðist út í einu lagi þegar nemandi hefur lokið námi og brautskráðst með kennsluréttindi.

Réttur til að sækja um síðari hluta styrks fellur niður ljúki kennaranemi ekki námi innan 12 mánaða frá móttöku fyrri hluta hans.

Nemandi sækir um styrkinn til þess háskóla sem hann stundar nám við.

### Styrkir til starfandi kennara til náms í starfstengdri leiðsögn

Starfandi kennari sem, að fenginni staðfestingu skólastjóra, leggur stund á viðbótarnám á meistarastigi í starfstengdri leiðsögn getur sótt um styrk sem nemur allt að 150.000 krónur. Styrkurinn er tvískiptur, fyrri hluti styrksins er greiddur út þegar staðfesting liggur fyrir að viðkomandi hafi staðist nám á fyrsta misseri og seinni hlutinn þegar hann hefur lokið námi og brautskráðst.

Nám í starfstengdri leiðsögn tekur þrjú misseri. Það er sniðið að þörfum starfandi kennara og fer fram við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Styrkumsókn þarf að fylgja staðfesting skólastjóra á að umsækjandi sé starfandi kennari við viðkomandi skóla og að hann mæli með því að kennarinn sérhæfi sig í starfstengdri leiðsögn.

Réttur til að sækja um seinni hluta styrks fellur niður ef kennara útskrifast ekki innan 24 mánaða frá því hann innritaðist í námið.